

REGLUR

114

30. júní

um veitingu einkarafstöðvalána úr raforkusjóði.

1. gr.

Úr raforkusjóði má veita lán, samkvæmt 3. tölulið 35. gr. raforkulaganna, allt að kr. 150 000 samtals á hverju almanaksári. Slík lán verða hér eftir í reglum þess- um nefnd einkarafstöðvalán.

2. gr.

Umsókn um einkarafstöðvalán sendist raforkumálastjóra. Umsókninni fylgi áætlun með uppdráttum og lýsingu á verkinu. Raforkumálastjóri rannsakar áætlunina og kynnir sér staðhætti til að geta dæmt um hvort virkjunartilhögun er skynsamleg og heppileg og áætlun rétt. Hann setur skilyrði um tilhögun virkjunarinnar og framkvæmd verksins. Hann gengur úr skugga um, hvort fullnægt er skilyrðum raforku- laganna og þessara reglna, um lánveitingu til virkjunarinnar.

3. gr.

Raforkumálastjóri gerir, að framkvæmdri rannsókn og að fenginni umsögn raf- orkuráðs, tillögur til ráðherra um veitingu einkarafstöðvalána úr raforkusjóði.

4. gr.

Að fenginni skriflegri heimild frá ráðherra í hvert sinn eða samkv. fyrirmælum hans, veitir raforkumálastjóri einkarafstöðvalán úr raforkusjóði meðan upphæð sú endist, sem um ræðir í 1. gr., og skal lántaki gefa út og undirrita skuldabréf, þar sem fram er tekið, til hvaða tíma lánið er veitt og með hvaða kjörum. Skal skuldabréfið, ásamt bréfi ráðherra, svo og umsókn, áætlun og öðrum skilríkjum, geymast í skjala- safni sjóðsins og vaxta- og afborganagreiðslur færast inn í skuldabréfið jafnóðum og greiðslur fara fram.

5. gr.

Vextir af einkarafstöðvalánum skulu vera 2% og greiðist eftir á árlega. Lánin mega vera afborganalaus fyrstu tvö árin, en greiðist síðan upp með jöfnum af- borgunum á 15 árum, eða fyrr, ef lántakandi óskar.

6. gr.

Lánið kemur ekki til útborgunar fyrr en byggingu rafstöðvarinnar er lokið og hún hefur verið tekin út af raforkumálastjóra eða fulltrúa hans, og gengið er úr skugga um að stöðin fullnægi settum skilyrðum.

7. gr.

Lánið má nema allt að $\frac{2}{3}$ stofukostnaðar vatnsaflsstöðvarinnar og rafmagns- línú þaðan heim að húsvegg, enda sé stofnkostnaður hæfilegur að dómi raforku- málastjóra.

8. gr.

Til tryggingar skilvísri greiðslu vaxta og afborgana skal lántaki, auk veðs í rafstöðinni, leggja fram tryggingu, sem raforkumálastjóri tekur gilda.

114 Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, 30. júní til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

115
30. júní

AUGLÝSING

um breytingar á reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðar, nr. 131 25. júlí 1941.

8. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 4% af fasteignamatsverði húsa. Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn últheimtir, skal greiða 1% af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

9. gr. orðist svo:

Af hverri tunnu grófsaltaðrar síldar greiðist 10 aurar í vatnsgjald. Af hverri tunnu sérverkaðrar síldar greiðist 20 aurar. Af hverri tunnu flakaðrar síldar greiðist 50 aurar. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 6 aurar. Af hverri tunnu af söltuðum flökuðum fiski greiðist 20 aurar. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist 30 aurar.

Vatnsskattskylda framleiðslu má eigi flytja burt af framleiðslustaðnum fyrr en vatnsskattur af hendi er greiddur, að viðlögðum sektum, samkv. 16. og 18. gr. reglugerðarinnar, ef út af bregður.

10. gr. orðist svo:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. síldarverksmiðjur, getur bæjarstjóri ákveðið að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 30 aura.

Sem lágmarksgjald ber verksmiðjunum að greiða kr. 800 fyrir hverja 1000 mála vélasamstæðu, sem verksmiðjurnar geta annað og tengdar eru við vatnsæð veitunnar.

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að útvega sér mæli og annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli eða að annast viðhald hans, skal vatnsgjald til síldarverkmiðja vera 5 aurar fyrir hvert mál síldar, er verksmiðjurnar hafa tekið á móti til bræðslu.

Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

12. gr. orðist svo:

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 15 kr. fyrir eina smálest eða hluta úr smálest. Taki skip meira en eina smálest, skulu þau greiða 5 kr. fyrir hverja smálest umfram þá fyrstu. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er bæjarstjóra heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 25%.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög um aðstoð til vatnsveitna nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.